

Planið Framvinda

2016

Fjárstýring og greiningar

Febrúar 2017



EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	3
2 Mælaborð	4
2.1 Heildarárangur	4
2.2 Áhrif ytri breyta	5
2.3 Frestun fjárfestinga í fráveitu	6
2.4 Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	7
2.5 Lækkun annarra fjárfestinga	9
2.6 Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	10
2.7 Lækkun rekstrarkostnaðar	11
2.8 Eignasala	13
2.9 Víkjandi lán frá eigendum	14

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi spannar tímabilið 2011-2016. Aðgerðaáætlun eigenda og OR „Planið“, fór formlega í gang í byrjun apríl 2011 og eru framvinda og töluleg gögn talin til 31. desember 2016. Planið er forgangsverkefni hjá OR og er mikil áhersla lögð á að bæta sjóðstreymi m.a. með því að finna sparnaðarleiðir og byggja upp „sparnaðarmenningu“ innan fyrirtækisins. Mælaborð í skýrslunni sýnir rauntölur árána 2011 til 2016 í samanburði við Planið, uppsafnað og á ársgrundvelli. Í mælaborðinu er notast við súlurit og töflu þar sem árangur er auðkenndur með grænum, gulum og rauðum litum.

2 MÆLABORÐ

2.1 HEILDARÁRANGUR VERKEFNISINS


	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	4.458.-	51.263.-	51.263.-
Árangur (m.kr)	5.237.-	60.226.-	60.226.-

Heildarárangur Plansins á árinu 2016 er 779 mkr. yfir markmiðum tímabilsins. Mestur árangur er í lækkun rekstrarkostnaðar. Flestir þættir verkefnisins hafa gengið vel eins og sjá má í töflu 1. Einstakir liðir Plansins eru skýrðir nánar í næstu köflum. Eins og sjá má á stöðumynd náðist markmið tímabilsins 2011-2016 en aðgerðir skiluðu 17,5% betri árangri en gert var ráð fyrir.

Heildarárangur frá upphafi plansins er því 8.963 mkr. umfram markmið tímabilsins.

Áhrif ytri breyta eru neikvæð sem nemur 1.202 mkr. á árinu 2016 og neikvæð sem nemur 3.647 mkr. á tímabilinu 2011-2016. Nettó niðurstaða Plansins er því neikvæð sem nemur 423 mkr. á árinu 2016 og jákvæð um 5.316 mkr. fyrir tímabilið 2011-2016.

Planið 2011-2016



Tafla 1

Planið - Ma.kr	Planið 2011-2016		Raun 2011-2016
Lækkun fjárfestinga í veitukerfum	15,0	✓	17,9
Eignasala	10,0	✗	9,0
Lækkun rekstrarkostnaðar	5,0	✓	8,0
Lækkun annarra fjárfestinga	1,3	✓	1,4
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu	0,0	✓	1,3
Samtals - Innri aðgerðir	31,3	✓	37,6
Víkjandi lán frá eigendum	12,0	✓	12,0
Auknar tekjur vegna leiðréttingar gjaldskrár	8,0	✓	10,6
Samtals - Ytri aðgerðir	20,0	✓	22,6
Samtals aðgerðaráætlun	51,3	✓	60,2

2.2 ÁHRIF YTRI BREYTA 2016

Ytri aðstæður, sem OR hefur ekki stjórn á, hafa mikil áhrif á ýmsa liði, sérstaklega fjármagnsliði. Þær markaðsbreytur sem hafa mest áhrif eru vaxtastig, gengisþróun, álverð og vísitölur.

Álverð og gengisvísitala hafa verið óhagstætt á tímabilinu og hafa umtalsverð neikvæð áhrif á sjóðstreymi en byggingar- og neysluvísitölur ásamt vöxtum eru jákvæð á tímabilinu. Sjóðstreymi er því um 1.202 mkr. lakara en áætlun ársins gerir ráð fyrir.

Áhrif ytri breyta á tímabilinu 2011-2016 eru neikvæð um 3.647 mkr.

Tafla 2

Helstu forsendur	PLANIÐ 2016	Raun 2016	Áhrif á sjóðstöðu mkr.	Uppsafnað 2011-2016
Vísitala neysliverðs, breyting milli ára	2,50%	1,70%	545	2.608
Vísitala byggingarkostnaðar, breyting milli ára	2,50%	4,10%		
Gengisvísitala, meðaltal tímabils	216,3 stig	179,6 stig	-1.299	-4.073
Álverð, meðalverð tímabilsins	\$2.817	\$1.609	-3.577	-14.004
Meðalvextir	4,20%	1,94%	3.129	11.822
Samtals			-1.202	-3.647


2.3 FRESTUN FJÁRFESTINGA Í FRÁVEITU

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	-900.-	0.-	0.-
Árangur (m.kr)	-912.-	1.273.-	1.273.-

Frestun fjárfestinga í fráveitu um tvö ár leiðir til þess að 2,9 ma.kr. flytjast frá árunum 2012 og 2013 til 2015 og 2016. Heildarfjárfesting vegna fráveitu á fimm ára tímabili er því óbreytt en mun leiða til minni fjármagnskostnaðar á fyrri hluta tímabilsins. Tekjur af þessari fjárfestingu eru óverulegar þar sem aðallega er um stórt endurnýjunarverkefni á Vesturlandi að ræða.

Þetta var afar mikilvægt þar sem stór gjalddagi afborgana var í lok apríl árið 2013, eða rúmlega 10 ma.kr.

Fjárfesting fráveitu 2011-2016




2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	2.659.-	15.000.-	15.000.-
Árangur (m.kr)	2.851.-	17.930.-	17.930.-

Tæknistjórar Veitna forgangsráða verkefnum hver í sinni veitu. Fjárfestingaráð fer yfir þá forgangsröðun og sér til þess að þar sé samræmi milli veitnanna. Áform um hverja einustu fjárfestingu þarf endanlegt samþykki fjárfestingaráðs áður en byrjað er á henni. Innkauparáð fer yfir og staðfestir að farið sé eftir innkaupareglum og ferlum.

Á árinu 2016 var gert ráð fyrir að lækka fjárfestingar í veitukerfum um 2.659 mkr. Lækkun ársins nam 2.851 mkr. Það er um 192 mkr. betri árangur en Planið gerir ráð fyrir. Á tímabili Plansins er árangurinn 17.930 mkr. eða 2.930 mkr. umfram áætlun.


Fjárfesting í veitukerfum 2011-2016



2.4 LÆKKUN FJÁRFESTINGA Í VEITUKERFUM FRH.

Árangri í lækkun fjárfestinga í veitukerfum má skipta niður á þrjá miðla, rafmagn, heitt- og kalt vatn og hefur hver veita skilað góðum árangri á tímabili plansins.

Grafið sýnir framlag hvernar veitu til lækkunar fjárfestinga í veitukerfum á árinu 2016.




2.5 LÆKKUN ANNARRA FJÁRFESTINGA

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	200.-	1.250.-	1.250.-
Árangur (m.kr)	-22.-	1.373.-	1.373.-

Heildarmarkmið 2016 í lækkun annarra fjárfestinga er 200 mkr. Hér er um að ræða fjárfestingar t.d. í upplýsingakerfum og fasteignum. Fjárfesting ársins 2016 er 222 mkr. yfir áætlun tímabilsins samkvæmt PLANI og á tímabili Plansins er árangurinn 1.373 mkr. eða 123 mkr. umfram markmið.

Lækkun annara fjárfestinga 2011-2016




2.6 AUKNAR TEKJUR VEGNA LEIÐRÉTTINGAR GJALDSKRÁR

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	1.499.-	8.013.-	8.013.-
Árangur (m.kr)	1.563.-	10.613.-	10.613.-

Markmið fyrir 2016 er að ná 1.499 mkr. tekjuaukningu. Fyrir tímabilið 2011-2016 var markmiðið 8.013 mkr. Tekjuaukning hefur orðið 10.613 mkr. sem er 2.600 mkr. meira en áætlun gerði ráð fyrir. Skýringin er meiri hækkun vísitölu á tímabilinu en spáð var.


Auknar tekjur af fráveitu og hitaorku 2011-2016



2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	1.000.-	5.000.-	5.000.-
Árangur (m.kr)	1.753.-	8.034.-	8.034.-

Lækkun rekstrarkostnaðar 2011-2016



Hagræðingarkrafa á rekstrarkostnað, fyrir utan orkukaup og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, er 5.000 mkr. á árunum 2011 til 2016. Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að lækkun rekstrarkostnaðar nemi 1.000 mkr. Rekstrarkostnaður er 753 mkr. lægri en áætlun gerir ráð fyrir á tímabilinu.

Á tímabili Plansins er árangurinn 8.034 mkr. eða 3.034 mkr. betri árangur en áætlun gerði ráð fyrir.

Kostnaður vegna gjaldfærslu áfallinnar lífeyrisskuldbindingar, breytingar orlofsskuldbindingar og afskrifta viðskiptakrafna var 59,7 mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þessir liðir hafa ekki áhrif á sjóðstreymi þar sem um reiknaðar stærðir er að ræða.

Mikil áhersla er á að auka kostnaðarvitund starfsfólks á öllum stigum rekstrar og er árangur að skila sér hraðar en áætlað var fyrir tímabilið.

2.7 LÆKKUN REKSTRARKOSTNAÐAR FRH.

FÆKKUN STARFSFÓLKS - LAUNAKOSTNAÐUR

Áætlað var að starfsfólki OR fækkaði um 90 manns á árunum 2011-2016.

Markmiði um 90 starfsmanna fækkun var náð í lok febrúar 2012 sem er mun fyrir en gert var ráð fyrir.


Starfsfólki samstæðu OR hefur fækkað um 115 frá árinu 2008 þegar mest var. Starfsmannafjöldinn þann 31. desember 2016 var 435 manns.

Á árinu hefur fastráðnum starfsmönnum OR, ON og OR Veitna fjölgað um 24. Þann 31. desember 2016 voru starfsmenn 435.


Launakostnaður er 215,2 mkr. undir áætlun.

Ekki er ráðið í stað þeirra sem láta af störfum nema að nauðsyn krefji. Starfsfólk flyst milli starfa innan OR eftir því sem þörf er á og vinna hefur verið lögð í lykilmannagreiningu og færniþörun.

Fastráðnir starfsmenn OR, OV og ON í virku starfi



Fjöldi fastráðinna starfsmanna OR (samstæða) í tímabilslok.



2.8 EIGNASALA

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	0.-	10.000.-	10.000.-
Árangur (m.kr)	4.-	9.003.-	9.003.-

Á árinu 2016 hafa ýmsir lausafjármunir og efni verið seld fyrir um 4,5 mkr.

Tafla 3

	Söluverð m.kr.	Athugasemdir/staða
Sala lausafjármuna (efni, tæki)	4,5	Greitt að fullu
Eignasala alls	4,5	

2.9 VÍKJANDI LÁN FRÁ EIGENDUM

	2016	2011-2016	2011-2016
Markmið (m.kr)	0.-	12.000.-	12.000.-
Árangur (m.kr)	0.-	12.000.-	12.000.-

Eigendur OR samþykktu að veita OR víkjandi lán, 8.000 mkr. í apríl 2011 og 4.000 mkr. á fyrsta ársfjórðungi 2013. Allir eigendur hafa uppfyllt sínar skuldbindingar.

